

Malsnr.: 170800  
Skjalasafn Dalabyggð

3. OKT. 2017

Braffalykill: 09.02.02

## VILJA- OG SAMSTARFSYFIRLÝSING SKIPULAG OG AÐSTOÐ VEGNA STORM 1 VINDORKUVEREFNISINS

Viljayfirlýsing þessi sem tekur gildi þann 3. október 2017, er milli eftirfarandi aðila;

- Dalabyggð, kt. 510694-2019, sem er íslenskt sveitarfélag með skrifstofur að Miðbraut 11, 370 Búðardal, Íslandi (hér eftir nefnt, "Dalabyggð"),
- Storm Orka ehf., kt. 460315-0340, sem er íslenskt einkahlutafélag, Jóruseli 18 b, Reykjavík, Íslandi (hérefstir nefnt, "fyrirtækið");

(hvor um sig nefndur "aðili", og sameiginlega nefndir "aðilar")

### **FORSAGA**

Fyrirtækið er að þróa Storm 1 vindorkugarð, sem verður 100 til 150 MW, 340-500 GWst, vindorkuverkefni að Hróðnýjarstöðum, Dalabyggð, Íslandi (hér eftir nefnt "verkefnið"). Fyrirtækið hefur áralanga reynslu í þróun slíkra verkefna.

Dalabyggð er íslenskt sveitarfélag með lögsögu yfir aðal- og deiliskipulagi, og úthlutun ýmiskonar leyfa í Dalabyggð, þar sem verkefnið er staðsett, og þjónar sem stjórnvald á svæðinu.

### **VEGNA þessa, eru aðilar sammála um eftirfarandi atriði:**

- Að vinna saman að breytingum á aðal- og deiliskipulagi fyrir landsvæði það sem verkefnið verður sett upp á, eins hratt og lög leyfa.
- Að vinna saman að lausnum um tímabundið aðgengi fyrir aðföng og íhluti að landsvæði verkefnisins
- Að vinna saman að kynningu verkefnisins í Búðardal og þeim svæðum sem liggja næst landsvæði verkefnsins.
- Skyldur aðila í samningi þessum skulu falla niður frá og með 31. ágúst 2019, fyrir utan það sem er tiltekið sérstaklega í þar til gerðum samningum. Hvorugur aðili skal vera bundinn af ákvæðum þessa samnings að þeim degi liðnum.
- Framlenging gildistíma: Hægt er að fram lengja gildistíma samnings þessa með skriflegu samþykki beggja aðila.


SP

W

6. Samningur þessi jafngildir ekki framsali eignaréttar né hugverkaréttar, sem annar aðili mögulega lætur hinum í té. Ekkert í þessum samningi veitir öðrum aðilanum rétt né leyfi til að nýta slíkar eignir, búnað eða hugverk.
7. Skyldur og réttindi aðila í samningi þessum eru ekki framseljanleg án skriflegs samþykkis hins aðilans.
8. Ef upp kemur ágreiningur um ákvæði samnings þessa, á sá aðili sem dæmt er í vil í málinu, rétt á endurgreiðslu frá hinum aðilanum vegna útlagðs kostnaðar s.s. lögfræðikostnaðar.
9. Íslensk lög gilda um samning þennan.
10. Hægt er að nýta fax eða tölvupóst til að koma undirrituðu eintaki til hins aðilans. Slíkt eintak skal gilda sem frumrit.

Til vitinis um samþykki sitt hafa fulltrúar hvors aðila undirritað vilja- og samstarfsyfirlýsingu þessa hér að neðan:

**SPORM ORKA ehf**  
  
\_\_\_\_\_  
Magnus B. Jóhannesson  
Framkvæmdastjóri

**DALABYGGÐ SVEITARSTJÓRI**  
  
\_\_\_\_\_  
Sveinn Þórsson  
Sveitarstjóri